



6. bekkur

2023-2024

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla	3
Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu	4
Samskipti kennara við foreldra	4
Lýsing á starfinu í árganginum	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Kennslustundir og námsgreinar	4
Helstu viðfangsefni nemenda	4
Stundaskrá	4
Heimanám	4
Náms og skemmtiferðir	4
Vinabekkir	4
Skólasókn og viðbrögð	5
Fleiri upplýsingar á heimasíðu	5
Starfsáætlun Flataskóla	5
Skóladagatal	5
Tilkynningar um forföll nemenda	5
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti	5
Námsáætlun skólaársins	6
Hæfnimiðað nám	6
Námsmat	6
Skipulag kennslunnar	6
Námsáætlun	7

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa.”

Áhersla á S-in fimm seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Elísabet Blöndal	Umsjónarkennari
María Hrönn Valberg	Umsjónarkennari
Nína Jenný Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari
Margrét Tómasdóttir	Sérkennari
Íris Pálsdóttir/ Anna Sólveig Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Atli Jóhannesson	Íþróttá- og sundkennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttá- og sundkennari
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttá- og sundkennari
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmenntakennari
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textílkennari
Rut Ingólfsdóttir Blurton	Smíðakennari
Aron Baldvin Þórðarson	Heimilisfræðikennari
Hanna Borg Jónsdóttir	Réttindasmiðjukennari
Katrín Anna Eyvindardóttir	Námsráðgjafi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Í vetur verður lögð áhersla á jákvæð samskipti á milli nemenda og að ná fram andrúmslofti þar sem virðing, öryggi og traust ríkir. Það gerum við með því að halda stofufundi tvisvar í viku þar sem markvisst verður unnið til dæmis með tilfinningar, samskipti, kurteisi og virðingu. Hæfniviðmið og námsmarkmið verða sýnileg í skólastarfinu til þess að nemendur viti að hverju er stefnt hverju sinni. Þannig eflum við sjálfstæð vinnubrögð og metnað nemenda. Við viljum hvetja nemendur til að hafa áhrif á eigið nám með því að skipuleggja vinnuna sína og hafi val um fjölbreyttar námsleiðir.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Einkunnarorð Flataskóla eru menntun, árangur og ánægja og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi árgangsins. Með því að skapa góða námsmenningu og jákvæðan bekkjarbrag er verið að leggja grunninn að því að nemendur nái markmiðum sínum í námi. Þegar að nemendur fá menntun við hæfi þá blómstra þeir og upplifa mikla ánægju af náminu. Nemendur munu vinna verkefni í fjölbreyttum hópum þar sem áhersla verður lögð á samskipti og að nemendur öðlist færni í að sýna hver öðrum virðingu og samkennd, meðal annars með stofufundum. Einnig verður unnið markvisst að því að efla sjálfstæði nemenda í námi ásamt því að viðhafa leiðbeinandi kennsluhætti með uppbyggilegri endurgjöf.

Samskipti kennara við foreldra

Markmið með góðum samskiptum á milli kennara og foreldra er að skiptast á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemenda. Á mánudögum senda kennarar fréttabréf árgangsins með upplýsingum um hvað sé framundan og mikilvægum upplýsingum. Foreldraviðtöl eru að jafnaði tvisvar sinnum á vetri en oftast ef þörf er á. Umsjónarkennarar munu hafa samband með tölvupósti eða símleiðis eftir atvikum. Óskað er eftir að skilaboð berist fyrir kl. 8:30 á morgnana en ekki er hægt að treysta á að kennari sjái tölvupósta sem berast eftir þann tíma fyrr en eftir kennslu. Kennarar svara almennt ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma

meðan á kennslu stendur. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara. Heimsóknir foreldra í skólastofur skulu ávallt vera í samráði við kennara.

Lýsing á starfinu í árganginum

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 54 nemendur. Hópaskiptingar eftir þörfum eða á 6-8 vikna fresti.

Nemendum er skipt upp í 3 námshópa. Öllum árganginum er skipt upp í 5 smiðjuhópa sem starfa allan veturinn. Nemendum er skipt upp í tvo sundhópa sem skiptast á að mæta fyrir og eftir hádegi. Einnig verða hringekju- og þemahópar eftir viðfangsefnum.

Kennslustundir og námsgreinar

Helstu viðfangsefni nemenda

Í vetur verður lögð mikil áhersla á félags- og samskiptafærni. Stærðfræðin verður kennd í lotum, lögð verður áhersla á djúpnám, fjölbreyttar lausnaleyðir og viðfangsefni sprottin úr daglegu lífi og umhverfi. Í íslensku verður lögð áhersla á framsögn, ritun, bókmenntir og ljóð, orðaforða, stafsetningu, skrift, lestur og lesskilning. Unnið verður í lotum í náttúrufræði þar sem viðfangsefnin eru til dæmis líffærakerfi mannlíkamans og heilbrigði, kynfræðsla og plöntur. Í samfélagsfræði verður áhersla lögð á umhverfisvitund, sjálfsmynd og félagshæfni, sögu og menningu.

Eftirfarandi þemaverkefni verða tekin fyrir: Heimabyggðin okkar, Snorri Sturluson, Mannlíkaminn, Benjamín dúfa, Norðurlöndin og áhugasviðsverkefni.

Stofufundir eru haldnir tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum. Farið er eftir áætlun í þróunarverkefni Auðar Skúladóttur og Erlu Bjargar. Á stofufundum sitja nemendur í hring og farinn er hrós- og/eða þakkarhringur. Nemendum er kennt hvernig stofufundir fara fram með það að markmiði að gera þá færari meðal annars í að ræða málin varðandi samskipti. Með þeim er hægt að takast á við ýmis mál sem koma upp sem þarf að ræða og finna lausn á. Í lok fundar er farið í ýmsa hópeflisleiki.

Stundaskrá

Menntun - Árangur - Ánægja

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:30 - 8:50	Heimastofa	Heimastofa	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera
8:50 - 9:30		Smiðjur	Heimastofa		Heimastofa
9:30 - 10:10					
10:10 - 10:30	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
10:30 - 11:10	Heimastofa	Heimastofa	Íþróttir	Heimastofa	Hreyfing
11:10-11:30					
11:30-11:50		Sund / Heimastofa	Heimastofa		Heimastofa
11:50-12:10					
12:10 - 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:30 - 12:50	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
12:50-13:30	Stofufundur	Sund / Heimastofa	Heimastofa	Smiðjur	Fjölval
13:30-14:10	Íþróttir	Heimastofa			

Heimanám

Heimanámið í 6.bekk er lestur og önnur tilfallandi verkefni.

Í lestrarstefnu Flataskóla er gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima með foreldri að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar og að foreldrar skrái lestur. Að auki eru nemendur hvattir til hljóðlesturs heima og í skóla.

Náms og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara meðal annars í Vísindasmiðju HÍ, á sífóniútónleika í Hörpu í maí, gönguferðir um nærumhverfið og skíðaferð þar sem gist er í Breiðabliksskála í Bláfjöllum.

Vinabekkir

Vinabekkur árgangsins er 4.bekkur. Vinabekkjadagur er 31. ágúst og verður farið í útileiki og spilastund í skólanum. Í desember munu bekkirnir hittast og skreyta piparkökur og fá sér heitt kakó. Á vorönn verður farið í útileiki.

Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjólunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

GARÐABÆR

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublað svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið. Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir mislöng tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Unnið er markvisst að því að innleiða námsmenningu leiðsagnarmats með það að markmiði að skapa lærdómssamfélag sem leggur áherslu á hæfnimiðað leiðsagnarnám. Nemendum er gert ljóst hvert þeir stefna og til hvers er ætlast af þeim og þeir fá markvissa upplýsandi endurgjöf í námsferlinu sem gerir þeim kleift að bæta sig í því sem þeir þurfa að bæta sig í. Áhersla er lögð á hópavinnu, þemavinnu og kennt er í ákveðnum lotum þar sem námsgreinar eru samþættar. Við skipuleggjum kennsluna út frá hæfniviðmiðum, að nemendum sé ljóst í upphafi hvað þeir eigi að læra hverju sinni, að námsmarkmiðin séu skýr fyrir hvert viðfangsefni og einnig viðmið um árangur, þ.e að nemendum sé ljóst hvernig vinna þeirra verður metin. Við leggjum áherslu á skapandi starf, höfum það að markmiði að fara út fyrir námsbækur og nota fjölbreyttar leiðir til náms þar sem upplýsingatækni er í hávegum höfð. Einnig leggjum við áherslu á sjálfstæði nemenda í einstaklingsvinnu og að þeir beri ábyrgð á og taki virkan þátt í sínu eigin námi.

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Framsögn og tjáning	Nemendur koma fram fyrir framan samnemendur, kynna verkefni sín og æfa upplestur
Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.	Umræður og hlustun	Bekkjarfundir, hlusta á Benjamín dúfu, ýmis verkefni tengd upplestri
Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt.	Upplýsingaöflun	Samþætt verkefni, ýmis verkefni yfir veturinn
Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Umræður	Bekkjarfundir, félagsfærni vinna, samvinna og hegðun í kennslustundum
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Lestur og lesskilningur	Heimalestur, yndislestur, lesfímipróf, paralestur

<p>Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</p>	Lesskilningur	Heimalestur, yndislestur
<p>Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	Lestur	Heimalestur, yndislestur, Benjamín dúfa, Annar Smellur.
<p>Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</p>	Lestur	Heimalestur, yndislestur.
<p>Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</p>	Bókmenntir	Heimalestur, yndislestur, Flökkuskinna og Orðspor.
<p>Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.</p>	Lestur og bókmenntir	Ein bók tekin fyrir með öllum árganginum, unnið með fjölbreytt frásagnarform og bókmenntahugtök. Benjamín dúfa.
<p>Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</p>	Lesskilningur	Verkefni úr Annar Smellur og Orðspor 2
<p>Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>	Val á lesefni	Yndislestur/heimalestur og bókasafn
<p>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p>	Skrift og ritvinnsla	Ritunaræfingar í tölvu, leitað að flóknum orðum, nota þjargir til að skrifa orðin rétt.
<p>Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p>	Skapandi skrif	Nemendur skrifa sögur, frásagnir og tjá hugmyndir.
<p>Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p>	Stafsetning	Stafsetningarreglur og æfingar. Ýmis konar stafsetningaræfingar og skrifað texta upp eftir upplestri, læra helstu reglur og hvernig á að beita þeim í ritun.
<p>Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.</p>	Ritun	Ritunarverkefni út frá fyrirmyndar texta

<p>Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</p>	<p>Upplýsingaöflun</p>	<p>Lestur texta og unnið úr honum, rýnt í í textann. Fletta upp flóknum orðum í texta.</p>
<p>Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p>	<p>Málfræði</p>	<p>Málfræðiæfingar í Orðspor 2 og í verkefnaheftum</p>
<p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p>	<p>Setningagerð</p>	<p>Ýmis verkefni, t.d. í Orðspor 2. Skrifa fyrirmyndarmálsgreinar</p>
<p>Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Skapandi skrif og setningagerð</p>	<p>Nemendur skrifa sögur, frásagnir og tjá hugmyndir sínar.</p>

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknið stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.</p> <p>Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræð verkefna.</p> <p>Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikni og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</p> <p>Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.</p> <p>Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatæknir.</p> <p>Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</p> <p>Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.</p> <p>Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.</p> <p>Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</p> <p>Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</p> <p>Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að Útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.</p> <p>Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p> <p>Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum,</p>	Rökhugsun	Stika 2a, Stika 2b, ýmsar þrautir og verkefni
	Rökhugsun	Lestur út úr ýmsum myndritum í daglegu lífi og útbúa sín eigin
	Umræður og tjáning	Ýmsar þrautir
	Tjáning	Ýmsar þrautir og verkefni
	Innsæi	Hafa fjölbreytt gögn aðgengileg Ræða mikilvægi þess að nýta sér hjálpargögn
	Rökhugsun og túlkun	Ýmsar þrautir og verkefni úr daglegu lífi
	Rannsókn og skráning	Rannsóknarvinna í nærumhverfi skólans
	Fjármálalæsi Upplýsingaöflun	Kynna sem einstaklingur eða hluti af hóp verkefni og niðurstöður þess
	Talnaskilningur	Verkefni tengd daglegu lífi
	Tuga og sætiskerfi	
	Rökhugsun Skipulag	Ýmis stærðfræðiverkefni
	Hlutföll og brot	Ýmis verkefni ur daglegu lífi
	Rúmfræði	Form í umhverfinu skoðuð
Rúmfræði	Form í umhverfinu skoðuð	

<p>rannsakað aðferðir til að reikna það.</p> <p>Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.</p> <p>Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.</p> <p>Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.</p> <p>Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.</p> <p>Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.</p> <p>Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</p>	Rúmfræði	Ýmis verkefni úr daglegu lífi. Mælingar í daglegu lífi
	Rúmfræði	Unnið með form í verkefnavinnu og nærumhverfi
	Mælingar	Verkefnavinna í nærumhverfi
	Mælingar og rannsóknir	Verkleg vinna
	Upplýsingaöflun	Verkefni úr daglegu lífi
	Upplýsingaöflun	Verkleg rannsóknarvinna
	Líkindareikningur	Rannsóknir og gagnavinna

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</p> <p>Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p> <p>Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum</p>	<p>Lestur, hlustun, lesskilningur</p> <p>Hlustun Hlustunarskilningur</p> <p>Umorðun og skilningur</p>	<p>Yes we can 6, nemendabók og verkefnabók.</p> <p>Hlustun og lestur texta</p> <p>Hlustunaræfingar</p>

<p>dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</p> <p>Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</p> <p>Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p> <p>Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</p> <p>Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.</p> <p>Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.</p> <p>Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>	<p>Lestur, málskilningur og túlkun</p> <p>Talað mál</p> <p>Áhugasvið, skilningur, túlkun og framsögn</p> <p>Skrifað mál</p> <p>Meta eigið nám</p> <p>Samvinna</p> <p>upplýsingaöflun</p>	<p>Rýna í lesefni og leita eftir svörum</p> <p>Nemendur lesa ólíkan texta eins og bækur, fréttir, viðtöl o.s.frv. og geta dregið út aðalatriðin</p> <p>Nemendur tjá sig munnlega</p> <p>Tjáning</p> <p>Sjálfsmat og jafningjamat</p> <p>Hópverkefni</p> <p>Nemendur læri að nýta sér ýmis verkfæri eins og orðabók af bókasafni eða á Netinu til þess að afla sér upplýsinga.</p>
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Samfélagsfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.	Einkenni og staða Íslands í alþjóðasamfélaginu	Einstaklings – og hópavinna
Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.	Upplýsingaöflun	Umræður, einstaklings – og hópavinna í Norðurlöndum
Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.	Hugtakaskilningur	Umræður og einstaklings og hópavinna í Snorrasögu
Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.	Áhrifaþættir á mótun sögunnar	Norðurlönd /Snorrasaga (sjá fyrir ofan)
Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.	Heimildavinna	Snorrasaga /Norðurlönd (sjá fyrir ofan)
Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.	Áhrifaþættir á mótun sögunnar	Snorrasaga /Norðurlönd (sjá fyrir ofan)
Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.	Áhrifaþættir á mótun sögunnar	Snorrasaga /Norðurlönd (sjá fyrir ofan)
Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.	Umræður	Einstaklingsfundir og lífsleiknifundir
Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.	Umræður	Lífsleikniverkefni
Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	Umræður	Stofufundir
Vegið og metið áhrif fyrirmynda	Heilbrigðir lífshættir	

<p>og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</p> <p>Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</p> <p>Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</p> <p>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</p> <p>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.</p> <p>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</p> <p>Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt.</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</p> <p>Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</p> <p>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</p>	<p>Umræður</p> <p>Umræður</p> <p>Markmiðssetning</p> <p>Umræður</p> <p>Umræður um orsakir og afleiðingar</p> <p>Umræður um orsakir og afleiðingar</p> <p>Umræður um orsakir og afleiðingar</p> <p>Umræður um orsakir og afleiðingar</p>	<p>Lífsleikni verkefni</p> <p>Lífsleikniverkefni - stofufundir</p> <p>Lífsleikniverkefni - Stofufundir</p> <p>Einstaklingsfundir</p> <p>Stofufundir</p> <p>Lífsleikniverkefni - Stofufundir</p> <p>Lífsleikniverkefni - Stofufundir</p> <p>Lífsleikniverkefni - Stofufundir</p> <p>Lífsleikniverkefni - Stofufundir</p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.	Grenndarkennsla	Umræður og málfundur
Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum	Hugtakalestur	Náttúrulega 2, vinnubók og lesbók.
Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.	Grenndarkennsla og nýsköpun	Hugtakavinna og skýrslugerð
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Vettvangsrannsóknir	Umræður og rökræður
Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.	Les – og málskilningur	Tekin sýni í náttúrunni og skoðuð
Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku.	Lestur og áhorf	Undirbúningur fyrir vettvangsrannsóknir og fara eftir fyrir mælum
Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur	Upplýsingaröflun	Áhorf á heimildarmyndir á ensku og gagnaleit
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Úrvinnsla	Nýta ýmis verkfæri eins og orðabók af bókasafni eða á Netinu til þess að afla sér upplýsinga
Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Umræður	Skýrslugerð og kynning
Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.	Umræður	Kynning á verkefnum rædd á gagnrýnni hátt - jafningjamat
Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.	Upplýsingaöflun. Verkefnavinna	Hópverkefni
Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.	Umræður	Einstaklings og hópavinna
Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.	Umræður og kynning	Einstaklingsverkefni
Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar	Tilraunir	Verkefnavinna og fyrirlestur
	Upplýsingaöflun	Framkvæma tilraunir í hópavinna og skýrslugerð

fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.		Framkvæma tilraunir í hópavinnu og skýrslugerð Paravinna/hópavinnu

Upplýsingatækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.	Upplýsingaleit	Einstaklingsvinna
Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.	Sjálfstæði og vinnusemi	Nemendur vinna einstaklings og hópaverkefni
	Ýmiss forrit	Einstaklings-og hópavinnu
Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.	Fingrasetning	Nemendur byrji að á að þjálfra heimalyklana og smátt og smátt bætast aðrir lyklar við. Notast er við forrit eins og Typing.com.
Beitt réttri fingrasetningu.	Upplýsingaleit og rannsóknarvinna	Fjölbreytt verkefni
Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.	Rafrænt námsefni	Unnið með ýmsa þætti námsins í gegnum ýmis kennsluforrit
	Gagnrýn hugsun og sjálfstæði	Ýmis verkefnavinna
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.		
Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.	Gagnrýn hugsun, vega og meta	Ýmiss verkefni
	Öryggi á netinu og ábyrgð	SAFT
Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.		Nemendur fræðast um öryggi og hættur netinu.
Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.		

Réttindasmiðja		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Að nemandi geri sér grein fyrir því að við erum öll jafn mikilvæg þó við séum ólík og átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.</p> <p>Að nemandi geti nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og geti rætt áhrif staðalímynda.</p> <p>Að nemandi geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn.</p> <p>Að nemandi geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p> <p>Að nemandi geti rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga og geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</p> <p>Að nemandi skilji mikilvægi heilbrigðra og hollra lífshátta (hvíld, næring, hreyfing og hreinlæti). Sett í samhengi við réttindi barna.</p> <p>Að nemandi skilji mikilvægi menntunar.</p>	<p>Jafnrétti</p> <p>Staðalímyndir og fordómar</p> <p>Að setja sig í spor annarra</p> <p>Skoðana- og trúfrelsi</p> <p>Virðing fyrir skoðunum annarra, málamiðlun, friðsamleg mannleg samskipti.</p> <p>Réttindi barna sett í samhengi við daglegt líf.</p>	<p>Nemendur kynnast sögu Barnasáttmálans, grundvallargreinum og hvernig greinar sáttmálans tengjast. Innlögn, kennslumyndbönd og umræður. Nemendur vinna verkefni.</p> <p>Innlögn, umræður, myndbönd. Nemendur lesa bókina <i>Draumur Emmanuels</i> og vinna ritunar- og teikniverkefni.</p> <p>Innlögn, umræður. Nemendur gera æfingar þar sem þau setja sig í spor barna á flóttu.</p> <p>Nemendur fá fræðslu um skoðana- og trúfrelsi og tengsl þess við jafnrétti og fleiri greinar sáttmálans. Fræðsla um fordóma og mikilvægi góðra samskipta í friðsælum heimi.</p> <p>Nemendur gera spjallfélagaæfingar þar sem þau æfa virka hlustun og æfa sig í að tjá skoðanir sínar á skýran hátt. Nemendur æfa sig í að dæma ekki fyrirfram.</p> <p>Réttindabærinn – nemendur skapa saman samfélag þar sem þau tengja réttindin við mismunandi stofnanir og staði innan bæjarins. Innlögn og umræður. Nemendur lýsa þeim stöðum sem eru þeim mikilvægir og tengja við eigin réttindi.</p> <p>Nemendur kynnast sögu Malölu Yousafzai og vinna verkefni. Innlögn og umræður.</p>

<p>Að nemandi átti sig á réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Að nemandi skilji muninn á grundvallar mannréttindum og forréttindum.</p>	<p>Mikilvægi menntunar – undirstaða jafnréttis.</p> <p>Réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.</p>	<p>Nemendur vinna verkefnaheftið <i>Þekktu réttindi þín</i>, innlögn, umræður, nemendur lesa Barnasáttmálann, horfa á kennslumyndbönd um sögu hans og innihald, grundvallargreinar og tengsl greina innan sáttmálans. Nemendur vinna verkefni í tengslum við réttindi og forréttindi.</p>
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.</p> <p>Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</p> <p>Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</p> <p>Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</p>	<p>Listastefna</p> <p>Myndlist og hönnun</p> <p>Efni og verkfæri</p> <p>Grunnþættir myndlistar</p>	<p>Nemendur fá fræðsluefni um op art og læra um helstu listamenn hennar, hvernig listastefnan færðist yfir í iðnaðinn sem hönnun.</p> <p>Gerum listaverk í þeim stíl og notum grunnþætti myndlistar til að skapa.</p> <p>Notum hugtök og verkfæri sem fylgja verkefnunum og greininni.</p>

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</p> <p>Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</p>	<p>Val og notkun verkfæra</p> <p>Skissa, vinnuteikning og hönnunarferli</p>	<p>Hljóðfæri</p> <p>Nemendur læra að velja rétt verkfæri eins og viðeigandi sandpappír, tommustokka, pensla og fleira.</p> <p>Nemendur læra mikilvægi skissuteikninga með því að þurfa að</p>

<p>Velja samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefnum.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Samsetning verkefnis og frágangur</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>skissa upp hugmyndir sínar og vinna þannig að góðri vinnuteikningu áður en þeir fara að smíða.</p> <p>Nemendur læra um hönnunarferli með því að fara með kennara í gegnum einfalt hönnunarferli: hugmyndavinna (spjall í hóp og við kennara) – skissa (skissum safnað í möppu fyrir hvern nemanda) – vinnuteikning (vinnuteikning gerð eftir lokaskissu og svo plöstuð til að nota í næsta skrefi) – framkvæmd (hljóðfærið smíðað með hjálp vinnuteikningar) - lokaafurð (gripurinn fullunninn, myndaður ásamt vinnuteikningu og skilað til umsjónarkennara).</p> <p>Nemendur læra samsetningu með því að þurfa að raða saman hljóðfærinu sínu, líma það saman og nota þvingur. Þar nest læra nemendur að vega og meta þær yfirborðsmeðferðir sem eru í boði og velja svo það sem þeim líst best á.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýtleikverkefni</p>
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.</p> <p>Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.</p> <p>Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.</p>	<p>Þolæfingar</p> <p>Líkamsstyrkur</p> <p>Leikni og færni</p>	<p>Þjálfar upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.</p> <p>Kennsla í stöðvaþjálfun og þrautabrotum. Sýnikennsla hjá kennara. Ýmsar styrktaræfingar, nemendur spreyta sig í armbeygjum, hnébeygjum, kviðæfingum og bakæfingum.</p> <p>Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.</p>

<p>Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.</p> <p>Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðis lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p> <p>Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.</p>	<p>Baksund, skriðsund, kafsund, stunga</p> <p>Hreinlæti</p> <p>Íþróttamannsleg framkoma</p>	<p>Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.</p> <p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p> <p>Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.</p>
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Heimilisfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>-unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>-matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best</p>	<p>- vinna eftir uppskrift.</p> <p>-nota mæliskeiðar og dl mál</p> <p>-nota rafmagnshandþeytara</p> <p>-fylgja einfaldri uppskrift</p> <p>-nota viðeigandi áhöld s.s. bretti, hnífa og pönnur/potta.</p>	<p>-Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift og notar viðeigandi áhöld.</p> <p>-Nemandi eldar kartöflurétt í ofni og notar til þess viðeigandi áhöld.</p>

Textílnennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.</p>	<p>Notkun á aðferðum og áhöldum greinarinnar</p>	<p>Nemendur gera Sockmonkey og þjálfast í vélsaumi og handsaumi.</p>

<p>Sett textílvinnu og textílvörk í samhengi við sögu, samfélag og listir.</p> <p>Unnið með einföld snið og uppskriftir</p> <p>Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum.</p> <p>Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.</p> <p>Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.</p> <p>Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.</p>	<p>Kynning á hugtakinu sockmonkey í samhengi við sögu og samfélag</p> <p>Notkun á sniðum</p> <p>Notkun á mismunandi efnum</p> <p>Notkun á fjölbreyttum aðferðum við að skreyta verkefnið</p> <p>Þekking á hugtakinu alþýðuleikfang og gert grein fyrir eigin ákvörðunum og smekk í hönnunarferlinu</p>	<p>Nemendur kynna sögu apana og setja í samhengi við sögu og samfélag á Íslandi.</p> <p>Nemendur þjálfast í að sníða endurunnin efni og búa til föt og fylgihluti fyrir apana og skreyta.</p> <p>Nemendur tjá sig mikið í tímum um eigin hönnun og ákvarðanir tengdar fagurfræði.</p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.</p> <p>Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.</p> <p>Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.</p> <p>Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.</p> <p>Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</p>	<p>Tjáning</p> <p>Tjáning</p> <p>Lausnaleit og sjálfsskoðun</p> <p>Sjálfsábyrgð, markmiðasetning</p> <p>Sjálfsþvingun</p>	<p>Stofufundir</p> <p>Stofufundir</p> <p>Stofufundir, Vaxandi hugarfar (Fimman)</p> <p>Einstaklingsviðtöl</p> <p>Stofufundir og önnur verkefni</p>

<p>með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.</p> <p>Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.</p> <p>Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.</p> <p>Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.</p>	<p>Samvinna</p> <p>Sjálfsrýni</p> <p>markmiðasetning</p>	<p>Hópvænna, félagsfærni og KVAN verkefni (Fimman)</p> <p>Endurgjöf í öllum námi</p> <p>Einstaklingsamtöl</p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------